



Ályktun í húsnæðismálum

Öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegum kjörum er grundvallarpáttur í velferð launafólks. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina látið húsnæðismál til sín taka og lagt fram fjölmargar tillögur þess efnis auk þess að koma að uppbyggingu verkamannabústaðakerfisins og síðar félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Þrátt fyrir það ríkir húsnæðiskrísa enda húsnæðisverð aldrei verið hærra á Íslandi. Umhverfi lágvaxta hefur búið til svikalogn, lækkað húsnæðiskostnað eigenda en á móti þrýst upp eignaverði. Þá munu vaxtahækkanir nú setja byrðar á heimilin og gera ungu fólki ómögulegt að koma sér þaki yfir höfuðið. Dregið hefur verið úr stuðningi til húsnæðismála og beinn stuðningur ríkisins til heimila færður úr vaxtabótum yfir í skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar. Þessi breyting hefur gert það að verkum að stuðningur ríkis hefur verið færður frá ungu fólki og tekjulágum til þeirra sem eldri eru og þeirra allra tekjuhæstu.

Hækkun vaxta og húsnæðisverðs færist af fullum þunga í hærra leiguverð. Leigjendur eru illa varðir fyrir markaðssveiflum sem leiða til hækkunar leiguverðs. Uppbygging almenna íbúðakerfisins í gegnum Bjarg hefur verið stórt skref í átt að betri leigumarkaði. Stór meirihluti býr þó enn á ótryggum og hagnaðardrífnum leigumarkaði.

Þing Starfsgreinasambands Íslands krefst tafarlausra aðgerða í húsnæðismálum af hálfu stjórnvalda. Sambandið kallar eftir því að stjórnvöld komi böndum á markaðsvæddan leigumarkað og setji aukinn kraft í frekari uppbyggingu almenna íbúðakerfisins með auknum stofnframlögum. Þar þurfi að skapa betri forsendur fyrir uppbyggingu almenna íbúðakerfisins utan höfuðborgarsvæðisins með öflugum stuðningi ríkis. Greiða þarf fyrir auknu framboði hentugra og tilbúinna lóða undir íbúðahúsnæði. Það styður við markmið um að tryggja verkafólki öruggan og hóflegan húsnæðiskostnað.

Reisa þarf stuðningskerfi sem gera fólki kleift að fjárfesta í íbúð á sínum fjárhagslegu forsendum. Starfsgreinasambandið gagnrýnir harðlega veikingu vaxtabótakerfisins og þá stefnu að beina stuðningi til hinna tekjuhæstu í formi skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar.

8. þing Starfsgreinasambands Íslands haldið á Akureyri 23-25. mars 2022 krefst þess:

- Að gerðar verði stórfelldar umbætur á leigumarkaði sem sporni gegn gróðavæðingu og tryggi húsnæðisöryggi og hóflegan húsnæðiskostnað.
- Markmiðið verði að húsnæðiskostnaður fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum.
- Að komið verði á leigubremsu og réttindi leigjenda stóraukin.
- Að settur verði aukinn kraftur í uppbyggingu almenna íbúðakerfisins.
- Að stuðningur verði eflur til að styðja við uppbyggingu almenna íbúðakerfisins utan höfuðborgarsvæðis.
- Að vaxtabótakerfið verði endurreist og stuðningi beint til hinna tekjulægri og fyrstu kaupenda. Þannig nýtist stuðningskerfin sem brú inn á fasteignamarkað.
- Að þrengt verði að skammtíma útleigu á íbúðarhúsnæði til ferðamanna.

- Að stjórnvöld komi að því með verkalyðshreyfingunni að skapa leigjendum og íbúðarkaupendum á lágmarkskjörum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt verði af í samræmi við fjárhagslega getu þeirra á hverjum tíma.